

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 9. nóvember 2015
UST201510-176/K.S.J.
10.04.02


Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra í landi Stóru Valla.


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings ytra. Í tillögunni felst að stórum hluta svæðis nr. F38 fyrir frístundabyggð er breytt í landbúnaðarsvæði.

Á jörðinni Stóru Völlum hefur verið gert ráð fyrir svæði fyrir frístundabyggð F38, á alls á 130 ha svæði. Með breytingartillögunni er svæði fyrir frístundabyggð F38 minnkað úr 130 ha í 6 ha. Svæðið sem ekki er lengur svæði fyrir frístundabyggð verður landbúnaðarsvæði. Á svæði fyrir frístundabyggð sem verður 6 ha er gert ráð fyrir 10 frístundalóðum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur